

AUGLÝSING

um deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis í landi Lambleiksstaða, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti 6. maí 2010, deiliskipulag vegna verslunar- og þjónustusvæðis í landi Lambleiksstaða á Mýrum í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagið felur í sér að skipulagt er svæði til uppbyggingar smáhýsa, aðstöðuhúss og tjaldstæðis í afmörkuðu landi Lambleiksstaða.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 23. febrúar 2011,

Haukur Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri fjármála- og framkvæmdasviðs.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2011